

til hennar, þykir því eiga að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að stefnandi greiði stefndum málskostnað og þykir hann hæfilega metinn kr. 80.00.

Málflutningur aðila hefir ekki verið tilhlýðilegur að öllu leyti, en ekki þykir þó ástæða til að beita sektum eða ómerkingu.

Mánudaginn 9. marz 1936.

Nr. 13/1936. Útvegsbanki Íslands h.f.

(Lárus Fjeldsted)

gegn

**Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Ólafs
Ragnars og Júlíusi Sigurðssyni f. h.
eigenda og útgerðarmanna e/s „Pétursey“**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Sjóveðskrafa.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 15. okt. 1935: Stefndur, Júlíus Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Hinsvegar greiði hann f. h. eigenda og útgerðarmanna e. s. Pétursey G.K. 6, stefnandanum, Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Ólafs Ragnars, kr. 1407.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935 til greiðsludags og málskostnað kr. 181.00 og hefir stefnandi sjóveðrétt í e. s. Pétursey G. K. 6 fyrir ofangreindum upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi, uppkveðnum í sjórétti Hafnarfjarðarkaupstaðar 15. október 1935, var stefndur Júlíus Sigurðsson, skipstjóri, dæmdur til þess f. h. eig-

enda og útgerðarmanna e/s „Pétursey“ G.K. 6, að greiða Stefáni Jóhanni Stefánssyni f. h. Ólafs Ragnars kr. 1407.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935 til greiðsludags og málskostnað kr. 181.00, og var dómhafa jafnframt dæmdur sjóveðréttur í e/s „Pétursey“ G. K. 6 fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum hefir Útvegsbanki Íslands h/f., sem kveður sig hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu, skotið til hæstaréttar sem sakmiðill og gert þær réttarkröfur, aðallega, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt í e/s „Pétursey“ verði fellt úr gildi, en til vara, að sjóveðréttur í greindu skipi verði aðeins látinn taka til kr. 252.00 án alls kostnaðar. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndur Stefán Jóhann Stefánsson f. h. Ólafs Ragnars verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer, eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir ennfremur stefnt fyrir hæstarétt Júlíusi Sigurðssyni, skipstjóra, f. h. eigenda og útgerðarmanna e/s „Pétursey“ til þess að gæta réttar síns, en án þess að gera nokkrar réttarkröfur á hendur honum. Hefir greindur skipstjóri ekki látið mæta í hæstarétti.

Stefndur, Stefán Jóhann Stefánsson f. h. Ólafs Ragnars, hefir gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sjóveðrétt í e/s „Pétursey“ G. K. 6 og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Stefndur viðurkennir, að áfrýjandi hafi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í máli þessu, og kveðst ekkert hafa við málskot hans að athuga að

Því er aðildina varðar. Að þessu athuguðu þykir mega dæma mál þetta að efni til.

Málavextir eru þeir, að e/s „Pétursey“, sem heimili á í Hafnarfirði, stundaði síldveiðar fyrir Norðurlandi nokkra mánuði sumarið 1935. Á tíma-bilinu frá 1. júlí til 2. september greint ár tók stefndur Júlíus Sigurðsson, skipstjóri, út kol í þarf-ir skipsins hjá Ólafi Ragnars, og með yfirlýsingu dags. 2. september s. l. viðurkenndi skipstjóri þessi, að útgerðarmenn e/s „Pétursey“ skulduðu vegna úttektarinnar kr. 1407.35 og að hún hefði verið nauðsynleg til framhaldsferðar skipsins. Áfrýjandi mótmælir því, að stefnda beri sjóveðréttur í e/s „Pétursey“ fyrir skuld þessari, sem hann að öðru leyti kveður vera rétta. Segir hann, að kolin hafi ekki verið notuð til framkvæmdar einstakrar ferð-ar. Síðasta kolaúttekt samkvæmt kolareikningi stefnda nemur kr. 252.00. Kannast áfrýjandi við, að úttekt þessi hafi verið notuð til heimferðar skipsins og kunni þessvegna að vera rétt að dæma sjóveðrétt fyrir þeirri fjárhæð. Byggir hann vara-kröfu sína á þessu.

Þar sem skipið var, eins og sagt hefir verið, utan heimilis síns og öll úttektin var gerð til fram-kvæmdar og framhalds síldveiðanna, verður að líta svo á, að skipstjóri hafi haft heimild til að skuldbinda útgerðarmennina með úttekt þessari og hefir stefndur þessvegna samkvæmt 4. mgr. 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 öðlast sjóveðrétt í e/s „Pétursey“. Það ber þessvegna að taka kröfu stefnda í máli þessu til greina.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður áfrýj-andi að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða sjóréttardómi á að vera ó-raskað að því er varðar sjóveðrétt í e/s „Pétursey“ G. K. 6. Áfrýjandi, Útvegsbanki Íslands h/f, greiði stefnda, Stefáni Jóhanni Stefánsyni f. h. Ólafs Ragnars, kr. 250,00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórétti Hafnarfjarðar af Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Ólafs Ragnars, með stefnu birtri 19. sept. þ. á., gegn Júlíusi Sigurðssyni, skipstjóra f. h. eigenda og útgerðarmanna e. s. „Pétursey“ og persónulega in solidum, en til vara aðeins fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna nefnds skips, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1407.25 með 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu svo og til viðurkenningar sjóveðréttar í e. s. „Pétursey“ G. K. 6 fyrir téðri upphæð með vöxtum og öllum kostnaði.

Við fyrirtöku málsins mætti stefndur eigi og enginn af hans hálfu. Verður því samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hvað snertir upphæð kröfunnar hefir verið lagður fram reikningur, sem kemur heim við stefnukröfuna og ennfremur viðurkenning stefnds fyrir því að krafan sé rétt.

Skipstjóra e. s. „Pétursey“ hefir jafnframt því að vera stefnt fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna skipsins, einnig verið stefnt persónulega til greiðslu upphæðarinnar.

Þar sem ekki verður ráðið af skjölum málsins, að um sjálfskuldarábyrgð hafi verið að ræða, verður hann ekki dæmdur persónulega til að greiða stefnukröfuna.

Hinsvegar ber að dæma hann til að greiða stefnukröfuna kr. 1407.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935

til greiðsludags, fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna skipsins svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 181.00.

Ennfremur verður að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt í e. s. „Pétursey“ G. K. 6 fyrir upphæðum þessum, þar sem fyrir liggur undirskriftuð yfirlýsing skipstjóra skipsins um að hann hafi pantað og tekið við kolum fyrir framangreinda upphæð og úttektin hafi verið nauðsynleg til framhaldsferðar skipsins.

Miðvikudaginn 11. marz 1936.

Nr. 122/1935. Réttvísín (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Finnboga Finnbogasyni og Willum
Jörgen Andersen**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn ákvæðum 201. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. ágúst 1935: Ákærður, Finnbogi Finnbogason, sæti 15 daga einföldu fangelsi. Ákærður, Willum Jörgen Andersen, sæti 30 daga samskonar fangelsi. Fullnustu refsingar beggja skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa ef skilorð laga nr. 39 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar að hálfu hvor þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns þeirra í málinu, Valdimars Stefánssonar, lögfræðings, kr. 60.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, hafa hinir ákærðu ekki gætt þeirrar skyldu, sem á mönnum hvílir til þess að koma mönnum, stöddum í lífsháska, til hjálpar. Þykir refsing þeirra hæfilega á-